


## Mótmæla auglýsingu um skattahækkanir

MORGUNBLAÐINU hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá Samfylkingunni vegna auglýsingar sem birtist í Morgunblaðinu 19. apríl. Í yfirlýsingunni segir m.a. að þar sé alvarlega hallað réttu máli um stefnu Samfylkingarinnar í skatta- og ríkisfjármálum. »Undir auglýsinguna ritar áhugahópur um endurreisn Íslands, en sá hópur er hvergi finnanlegur í skráum yfir félag né heldur á leitarvélum internetsins. Að mati Samfylkingarinnar er auglýsingin því í raun nafnlaus. Í henni er lýst meintum áformum Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í skattamálum og því ranglega haldið fram að Samfylkingin áformi umtalsverðar og margvíslegar skattahækkanir. Hið rétta er að Samfylkingin hefur ítrekað sagt að vandinn í ríkisfjármálum verði ekki leystur með skattahækkunum heldur verði megináhersla lögð á að mæta halla ríkissjóðs með aðhaldi, niðurskurði og baráttu gegn skattsvikum. Óábyrgt sé hins vegar að útiloka með öllu skattahækkanir við þessar aðstæður, en mikilvægt er að gæta sanngirni og forðast margsköttun svo sem með auknum eignasköttum sem Samfylkingin hefur útilokað. Forgangsatíði er að verja kjör og stöðu þeirra sem lakast standa að vígi og á það bæði við um verkefni stjórnvalda og mögulegar breytingar á skattkerfinu.«Undir yfirlýsinguna ritar fyrir hönd Samfylkingarinnar Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastýra.



### VG andæfa líka

Þá skrifar Davíð Stefánsson, sem býður sig fram fyrir VG, á bloggsíðu sinni athugasemd um sömu auglýsingu. Hann segir m.a.: »Heilsíðuauglýsingar í Mogganum í gær og Fréttablaðinu í dag eru til marks um algera málefnaþurrð í hægrinu. Meintar skattahækkanir eru eina haldreipið. Og þær eru gripnar algerlega úr samhengi, ýktar og uppspunnar. Þetta eru sorgleg stjórnámál. Hræðsluáróður af verstu gerð. Og svona vinnubrögð svarta ásýnd stjórnmalanna og minnka enn frekar tiltrú almennings. Sannleikurinn er svona: Í samþykktum ályktunum VG um efnahagsmál var talað um að taka upp sanngjarnan eignaskatt. Það voru nú öll herlegheitin. Engar útfærslur. Forysta flokksins hefur á síðari stigum rætt lauslega um að setja á eignaskatt fyrir stóreignafólk sem er líka með háar tekjur.«